

Fundargerð

Afgreiðslufundur skipulags- og byggingarfulltrúa - 580. fundur

haldinn í fundarherbergi Norðurhelli 2,
23. september 2015 og hófst hann kl. 13:15.

Fundinn sátu:

Bjarki Jóhannesson skipulags- og byggingarfulltrúi, Þormóður Sveinsson og
Sigurður Steinar Jónsson.

Fundargerð ritaði: Bjarki Jóhannesson.

Dagskrá:

A-HLUTI - BYGGINGARLEYFI

Afgreitt samkvæmt 9. grein laga um mannvirki nr. 160/2010

1. 1508128 - Miðvangur 41, breyting á jarðhæð

Jón I Garðarsson sækir 11.08.15 um að breyta innra skipulagi á rými 01-07.
Breyta úr atvinnurými í íbúðarhúsnæði og breyta eignarhluta í 4 samkvæmt
teikningum Jón Guðmundssonar dags. 03.08.15. Ný gögn bárust í sept 2015.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki
nr. 160/2010.*

2. 1509105 - Rauðhella 11, breyting

Stjornan II K/F sækir 3.9.2015 um breytingu á innraskipulagi og fleira, sjá
meðfylgjandi gögn. Teiknað af Jóni Guðmundssyni dagsettar 25.08.2015 Stimill
frá slökkviliði höfuðborgars barst einnig.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki
nr. 160/2010.*

3. 1506167 - Selvogsgata 16a, breyting, svalahurð

Katrín Nicola Sverrisdóttir og Gunnar Axel Axelsson sækja 08.06.15 um að gera
tvöfalda svalahurð út í garð í stað eldra gluggaops á bakhlið húss. Samkvæmt
teikningum Stefáns Ingólfssonar. Nýjar teikningar bárust 06.07.2015 og 10.07.15.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki
nr. 160/2010.*

4. 1509550 - Glitvellir 13, breyting

Björn Guðjónsson sækir 18.9.2015 um breytingu á Glitvöllum 13 bæði inni og úti
sjá teikningar unnar af Guðmundi Gunnlaugssyni dagsettar 14.9.2015.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki
nr. 160/2010.*

5. 1507156 - Bæjarhraun 24 mhl.01, breyting

Hraunborgir ehf sækja 16.07.15 um að innrétta gistiheimili á efri hæð
hússins. Svalir byggðar. Húsvaðaríbúð verður felld úr gildi samkvæmt teikningum
Ágústar Þórðarsonar dags. 10.05.15. Stimpill Slökkviliðs og heilbrigðiseftirlit er á
teikningu. Leiðréttar teikningar bárust 28.07.2015, með stimpli Slökkviliðs
Höfuðborgarsvæðisins og stimpli Heilbrigðiseftirliti Hafnarfjarðar-og

580. fundur Afgreiðslufundar skipulags- og byggingarfulltrúa
23.09.2015

Kópavogs.Samþykki nágranna Bæjarhrauns 22 barst 18.09.2015.

*Skipulags- og byggingarfulltrúi samþykkir erindið í samræmi við lög um mannvirki
nr. 160/2010.*

B-HLUTI – SKIPULAGSERINDI

**Til kynningar í Skipulags- og byggingarráði og bæjarstjórn
Hafnarfjarðar skv. samþykkt um afgreiðslur skipulags- og
byggingarfulltrúa Hafnarfjarðarkaupstaðar á deiliskipulagserindum, sem
staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 9.ágúst 2005.**

6. 1403411 - Úr Áslandi 123106, breytt heiti

Lögregla höfuðborgarsvæðisins leitaðist eftir því hvort ekki væri möguleiki á að breyta heiti vegarins sem lægi meðfram Hvaleyrarvatni. Svo var gert og heitir vegurinn Hvaleyrarvatnsvegur.

Lagt fram.

7. 1507047 - Hellisgata 35-skúr í óleyfi

Kvörtun beinist að girðingu og skúr á Hellisgötu 35 sem er fest við bílskúr í eigu Hranbrúnar 5 án leyfis húseiganda. Hinn 8.7.2015 bókaði skipulags- og byggingarfulltrúi: ?Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir eiganda skúrs og girðingar skylt að fjarlægja hinar ólögsmætu framkvæmdir innan fjögurra vikna. Verði ekki brugðist við erindinu mun skipulags- og byggingarfulltrúi beita dagsektum í samræmi við 56. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010.? Lögmenn eigandans óskuðu 20.7.2015 eftir fresti í 4 vikur til andmæla. Nú er sá frestur liðinn og ekkert hefur komið frá þeim.

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur dagsektir kr. 20.000 á dag á eiganda skúrsins frá og með 01.11.2015 verði skúrinn ekki fjarlægður fyrir þann tíma.

8. 1509574 - Strandgata 31-33, fyrirspurn til skipulags- og byggingarfulltrúa

Ásdís Helga Ágústsdóttir Yrki arkitektum leggur 15.09.15 inn fyrirspurn um breytingar innanhúss á 1. hæð og í kjallara vegna færslu á sorpgeymslu.

Skipulags- og byggingarfulltrúi vísar málinu til Skipulags- og byggingarráðs.

9. 1009061 - Reykjavíkurvegur 1, rusl og drasl

Kvörtun hefur borist vegna drasls og söfnunar varnings sem er hlaðið á lóðina við Reykjavíkurvegs 1. Skipulags- og byggingarfulltrúi beindi 20.07.15 þeim tilmælum til lóðarhafa að gera tiltekt á lóðinni. Yrði ekki brugðist við þeim innan 4 vikna mundi skipulags- og byggingarfulltrúi beita ákvæði 2. mgr. 2.9.2. gr. byggingarreglugerðar um dagsektir á eigendur.

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur dagsektir kr. 20.000 á dag á eiganda hússins frá og með 01.11.2015 verði draslið ekki fjarlægt fyrir þann tíma.

10. 1509635 - Óseyrarbraut 5, gámar í óleyfi

Gunnar Örn Hjartarson kvartar yfir gámum sem stillt er fyrir dyr dreifistöðvar HS-veitna. Ekki er leyfi fyrir gámunum.

Skipulags- og byggingarfulltrúi gerir eigendum gámana skylt að fjarlægja þá innan tveggja vikna. Að öðrum kosti mun byggingarfulltrúi beita aðgerðum í samræmi við lög um mannvirki nr. 160/2010.

C-HLUTI – ERINDI SEM ER FRESTAÐ EÐA SYNJAÐ
Afgreitt samkvæmt 9. grein mannvirkjalaga nr. 160/2010

11. 1509295 - Selvogsgata 3, fyrirspurn um endurbyggingu á skúr

Kjartan Freyr Ásmundsson leggur inn fyrirspurn um hvort heimilað verði að endurbyggja skúr og breyta honum í bílskúr á lóðinni sbr. meðfylgjandi teikningar.

Frestað milli funda.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.

Bjarki Jóhannesson (sign)
Sigurður Steinar Jónsson (sign)

Þormóður Sveinsson (sign)